



Vesturlandsskógar

Ársskýrsla Vesturlandsskóga 2002

Ársreikningur 2002

Fundargerðir stjórnarfunda ársins 2002

Júlí 2003

Ársskýrsla Vesturlandsskóga 2002.

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	2
Inngangur	3
Veðurfar	3
Fjárveitingar	3
Stjórn Vesturlandsskóga	4
Samningar við bændur	4
Helstu framkvæmdir	4
Gróðursetning til fjölnytjaskóga	4
Skjólbeltarækt	7
Áburðargjöf	9
Jarðvinnsla	9
Kortlagning og áætlanagerð	9
Fyrirlestrar og námskeið	10
Fundir og ráðstefnur	10

Viðauki I:

Ársreikningur Vesturlandsskóga árið 2002.

Viðauki II:

Fundir stjórnar Vesturlandsskóga árið 2002.

Inngangur

Árið 2002 var þriðja starfsár Vesturlandsskóga. Starfsmenn náðu á árinu nokkuð góðum tókum á viðfangsefnum sínum, og má segja, að þeir hafi náð að vinna upp þann hala í gerð áætlana og samninga, sem nauðsyn ber til. Allt stefndi þetta því í rétta átt. Á næsta ári er svo ætlunin að ná tókum á eftirfylgni, þ.e. að koma skráningu framkvæmda og eftirliti með árangri í betra horf. Er stefnt að því, að skráning framkvæmda komist hið fyrsta í það horf, að uppfylli kröfur, sem gerðar verða til okkar vegna kolefnisbókhalds.

Vesturlandsskógar studdu dyggilega við bakið á Félagi skógarbænda á Vesturlandi (FsV), einkum með því að standa fyrir útgáfu fréttabréfs félagsins. Komu út fjögur tölublöð af fréttabréfinu á árinu 2002.

Starfsmenn verkefnisins, auk Sigvalda, voru: Guðmundur Sigurðsson, sem starfaði allt árið og Sigurður Freyr Guðbrandsson, sem hóf störf í byrjun júnímánaðar. Guðmundur Sigurðsson hefur séð um að ganga frá fylgiskjölum bókhalds til skráningar, eftir sem áður, en Ríkisbókhald færir bókhaldið að öðru leyti. Guðmundur hefur einnig séð að mestu um samskipti við bændur og verktaka vegna skjólbeltaræktar og verið ábyrgðarmaður fréttabréfsins. Sigurður Freyr hefur haft gerð ræktunaráætlana, sem aðalviðfang.

Veðurfar

Árið 2002 viðraði nokkuð vel til skógræktar. Veturinn frá áramótum var kaflaskiptur. Fyrstu þrjár vikur janúarmánaðar var veður milt og úrkomusamt. Síðan kólnaði og var febrúar óvenjukaldur, en snjóléttur. Hlýna tók um miðjan mars og var apríl fremur hlýr. Fyrri hluta maí var þurr og svalt, en hlýnaði um miðjan mánuðinn, þótt áfram væri þurrviðrasamt. Júní var þurr, en afar hlýr og sólríkur. Í júlí og ágúst var hitinn í meðallagi og úrkoma næg. Skemmst er frá að segja, að veður var með fádæmum blítt það sem eftir lifði ársins. Tré fóru því undir vetur vel undirbúin. Ekki kom klaki samfellt í jörð fyrr en í desemberlok. Búast má við mjög góðum vexti í greni og furu á árinu 2003, vegna þess hve vel viðraði sumarið og haustið 2002.

Fjárveitingar

Landbúnaðarráðuneytið gerði tillögu til alþingis um, að fjárveitingar til Vesturlandsskóga yrðu 34 milljónir króna eins og árið áður. Samanborið við upphaflegar hugmyndir um uppþrepun verkefnisins á 7 árum voru þetta vonbrigði. Ekki tókst að fá aukna fjárveitingu með tilstyrk fjárlaganefndar. Þar með var ljóst, að allur rekstur Vesturlandsskóga yrði þungur. Annaðhvort var að fleygja drjúgum hluta þeirra plantna, sem keyptar höfðu verið, eða að fara fram úr fjárheimildum. Síðari kosturinn var valinn, ásamt ítrustu sparsemi, en fljótlega varð ljóst, að landbúnaðarráðherra hafði hug á að útvega aukafjárveitingu, þannig að ekki þyrfti að fleygja plöntum. Aukafjárveiting fékkst í árslok, kr. 5 milljónir, svo ekki kom til yfirkeyslu umfram fjárheimildir.

Stjórn Vesturlandsskóga

Stjórn Vesturlandsskóga hélt 5 fundi á árinu 2002. Skipan hennar var óbreytt frá fyrra ári: Formaður Skúli Alexandersson, fyrrverandi alþingismaður, Hellissandi, en aðrir í stjórn: Birgir Hauksson, skógarvörður á Vesturlandi og Vestfjörðum, tilnefndur af Skógrækt ríkisins; Hulda Guðmundsdóttir, tilnefnd af Félagi skógarbænda á Vesturlandi og Trausti Tryggvason, tilnefndur af skógræktarfélagnum á Vesturlandi.

Samningar við bændur

Alls var lokið gerð 53 samninga við bændur um fjölnytjaskógrækt á árinu. Hafa þá samtals verið gerðir samningar við 54 bændur.

Í árslok höfðu verið gerðir skjólbeltasamningar við 96 bændur á Vesturlandi, þ.a. við 25 á árinu.

Helstu framkvæmdir:

Gróðursetning til fjölnytjaskóga


Á árinu 2002 voru alls gróðursettar í nytjaskógræktarsvæði í samstarfi við Vesturlandsskóga u.þ.b. 476.000 plöntur, sem skiptust þannig milli tegunda:

Sitkabastarður:	56.525
Sitkagreni:	161.683
Stafafura:	137.260
Rússalerki:	47.091
Ilmbjörk:	32.320
Hengibjörk:	960
Alaskaösp:	39.339
Alaskavíðir:	700

Gróðursettar voru 106% fleiri plöntur en árið áður, sem er miklu meiri aukning en nemur raunaukningu fjárveitingar (um 5%). Skýringin er fyrst og fremst sú, að það kostar sitt að halda úti starfsemi, hversu mikil sem hún er. Halda þarf úti skrifstofu með föstum starfsmönnum, enda þarf að halda löglegt bókhald yfir hvaðeina, sem gert er. Einnig þarf að vinna skógræktaráætlanir fyrir bændur mörg ár fram í tímann. Því má segja að við séum að vinna okkur í haginn fyrstu árin. Þær fjárveitingar, sem bætast við, eftir því sem verkefnið verður þræpað upp, munu að langmestu leyti fara beint í framkvæmdir á jörðum bænda, en að mjög litlu leyti í rekstur innviða verkefnisins. Nokkur breyting hefur orðið á hlutfalli tegunda, sbr. töflu I:

Mynd 1.

Hlutfall hinna ýmsu tegunda fyrstu þrjú starfsár Vesturlandsskóga:



Sveiflur eru talsverðar milli ára í tegundasamsetningu. Segja má að við höfum verið að reyna að stilla framboðið af miðað við þarfirnar, sem voru ekki alveg nógu ljósar í upphafi. Erfitt er að segja fyrir um, hver þróunin verður m.t.t. tegundavals. Við virðumst sem stendur gróðursetja heldur meira af tegundum sem hæfa frjósömu landi en rýrlendi. Líkur eru á að þannig verði það áfram, enda mikill hluti gróðursetninga á Vesturlandi í fjallshlíðar, sem allajafna bjóða uppá meiri og viðheldnari jarðvegsgæði en flatlendið. Þó hefur flatlendið alla jafna betri eiginleika til ræktunar, enda jarðvegur þar oftast dýpri auk þess sem hallinn gerir fjallshlíðarnar verr fallnar til vinnslu með vélum. Annað, sem áhrif hefur á tegundavalið, er afkoma hinna mismunandi tegunda frá ári til árs. Minni manna er gloppótt. Því er tilhneiging til, að menn óski fremur eftir þeim tegundum, sem hafa komið best undan vetri hverju sinni. Þar sem stafafura kom illa undan vetri vorið 2002, var nokkuð útbreidd óánægja með þá tegund það árið. Sama tegund, ásamt birkinu, var sú eina, sem ekkert sá á eftir vorhretið 2003. Því má búast við, að vinsældir hennar aukist aftur. Erfitt getur verið að bregðast við sveiflum af þessu tagi, enda plöntur pantaðar með tveggja til þriggja ára fyrirvara. Fræðsla kemur hér að góðu gagni, eins og síðar verður vikið að.

Gaman væri að geta prófað fleiri tegundir, t.d. lindifuru. Skógarfuran, sem eftir lifir frá fyrri tíð, virðist einnig vekja vonir um, að sú verðmæta tegund gæti átt framtíð fyrir sér hér á landi. Ekki er þó ráðlegt að hefja ræktun á henni, nema að undangengnum allviðamiklum kvæmaránsóknum. Eins væri freistandi að nota meira af elri í rýrlendið, en þar er sá hængur á, að elriræktun hefur ekki tekist sem skyldi í gróðrarstöðvum til þessa. Vonandi verður í nánustu framtíð ráðin bót á vandamáli, sem því valda og eru rannsóknir í gangi í því skyni. Þangað til er varla hægt að reikna með notkun elris í þeim mæli, sem þarfir verkefnisins krefjast. Hins er og að gæta, þegar fjöldi notaðra tegunda er annars vegar, að við verðum vegna framtíðarþarfa úrvinnsluþaðnaðar í framtíðinni að takmarka fjölda þeirra nokkuð.

Það hlýtur að vera verðugt markmið starfsmanna Vesturlandsskóga, að fá bændur til að auka haustgróðursetningu. Svo framarlega sem gróðursett er í land, þar sem ekki er hætta á frostlyftingu, virðist haustgróðursetning jafnvel gefa betri raun en vorgróðursetning. Með aukinni áherslu á haustgróðursetningu myndi lengjast sá tími, sem bændur geta nýtt til þessara starfa ár hvert.

TAFLA I

Vorgróðursetning 2002:

Jörð	SG-35	SG-40	SB-35	SB-40	SF	RL-40	RL-67	AÖ-stíkl.	AÖ	AV	IB	HB	Samtals
Álfatr. og Gautast.					8000	1000					2000		11000
Ás	1505	240			40				525		320		2630
Ásgarður		11200						4450					15650
Birkihlíð					7000	4221					4000		15221
Brekkukot		1400											1400
Deildartunga	140	600			640								1380
Einifell					1000	1005					600		2605
Erpsstaðir			7000	3000	3000	603		2500			880		16983
Ferstikla	15155	6965			4500	5000	2200		5005		1000		39825
Fljótstunga					2000	1000						120	3120
Gróf		1000			1000		1005						3005
Hamar				800	1880								2680
Hrútsstaðir	3500	4500							1994				9994
Hurðarbak		420		3120	2520								6060
Hæll		5300		2300	2000	5240	2760				1000		18600
Jörvi					1800		2010				70	160	4040
Kalastaðakot					4000						2000		6000
Kalastaðir		400			8000						600		9000
Klettur		4680						1000					5680
Krókur					7000		12060						19060
Litla-Fellsöxl		2000							1995				3995
Litli-Kroppur		3000											3000
Magnússkógar		3200			2000								5200
Oddsst. (Kristján)				1400	160	402	1640		490	140	1000		5232
Ormsstaðir		1600			5000						1000		7600
Rauðsgil					400								400
Reynikelda		160									320		480
Saurar		10000						2000					12000
Saurstaðir		1300											1300
Signýjarstaðir		3120			3000						1200		7320
Skógarsel					10000	3000	335				2000		15335
Steindórsstaðir	1540				1000		1005						3545
Stóri-Ás			1330	1080	2560								4970
Syðstu-Fossar					2000		1005				1000		4005
Svarfhóll	980	7000			2000	1000			1505		1000		13485
Tungufell		20000	7630	20000	33040			5000	3325		9240	840	99075
Vilmundarstaðir	10185	7623	4865	1640	1280			5050					30643
Vígholtsstaðir	3500	9000			320			3500		490	1000		17810
Ytri-Skeljabrekka		5000			2400	600		1000			2000		11000
Samtals:	36505	109708	20825	33340	119540	23071	24020	24500	14839	700	32320	960	440328

TAFLA 2:

Haustgróðursetning 2002:

Jörð:	SG-40	SB-40	SF	Samtals
Brenna	5630		6640	12270
Fljótstunga		1000		1000
Hrútsstaðir			5400	5400
Hurðarbak	4600	1360		5960
Hæll	2920		3080	6000
Jörvi	2320		2600	4920
Samtals	15470	2360	17720	35550

Skjólbeltarækt

Áhugi á skjólbeltarækt fer sívaxandi, og er það vel. Þó varð ekki aukning milli ára 2001 og 2002. Ástæðan er öðru fremur sú, að mönnum verður æ betur ljós nauðsyn þess að vanda vel til undirbúnings og undirbúningurinn krefst tíma. Árið 2003 verður líka, ef að líkum lætur miklu meira sett af skjólbeltum en árin á undan. Vesturlandsskógar fengu Plastprent til að framleiða árið 2000 þykkara plast, en notað var áður. Hið þykkara plast eyðist að vísu á lengri tíma en þinnri gerð. En lítið gagn er í plastdúk, sem ekki þolir að mávar tippli á honum, án þess að enda í henglum það sama ár. Af TÖFLU 3 má sjá, hve mikið var sett af plöntum og stiklingum í skjólbelti árið 2002. Alls voru lagðir 25 km af plastdúk árið 2002, sem er aðeins um einum km meira en árið áður. Tvær plastlagningarvélar störfuðu á árinu í umdæminu. Önnur þeirra er gerð út af Magnúsi Þór Eggertssyni í Ásgarði í Reykholtssdal, en hin af Guðbirni Guðmundssyni í Magnússkógum í Hvammssveit. Unnið er að skjólbeltarækt vítt og breytt um Vesturland, frá Völlum á Kjalarnesi til Magnússkóga í Hvammssveit. Bændur á Snæfellsnesinu hafa komið æ sterkar inni skjólbeltaræktina, einkum í hörbeltinu í Eyja- og Miklaholtshreppi. Guðmundur Sigurðsson hefur fylgst með árangri í þessari ræktun. Hefur hún verið nokkuð áfallalaust. Þó kom fyrir í einu tilviki að dúkurinn f auk af. Slíkt verður best fyrirbyggt með því að vinna landið vel fyrir plastlagningu og að tryggja, að jaðrar dúksins séu vel ofaní jörð, sem og með því að fergja með mól eða grjóti á miðjan renninginn.

Tafla 3 Skjólbelti sett á vegum Vesturlandsskóga vorið 2002.

Jörð	Yllir	HR*	Ribs	Sólber	BT**	Álmur	Selja	SG	JV***	AÖ- stíkl.	AÖ	AV	AV stíkl.	Reynir	Samtals
Ás												770			770
Ásgarður	260									400	560				1220
Brúarland														70	70
Deildartunga	115														115
Erpsstaðir													1000		1000
Ferstikla											840				840
Fljótstunga											175	175			350
Geirshlíð												630	100		730
Geldingá													400		400
Hurðarbak												35			35
Hvanneyri	65										35	35			135
Hýrumelur	400	70	140	70	105	210	700		3430						5125
Kalastaðir	21									450	100	1260			1831
Klettur	420									400	350		200		1370
Kvistar													600		600
Magnússkógar										100	315				415
Ormsstaðir											175				175
Rauðkollsstaðir	84									200	1505	2834			4623
Saurar													725		725
Saurstaðir													500		500
Skarð										250					250
Skipanes													425		425
Skorholt													1100		1100
Sogn	411	70	70	105				70		350	70				1146
Spágilsstaðir												280	500		780
Steindórsstaðir	70														70
Stóra-Vatnshorn	21									75			325		421
Suður-Bár													125		125
Svarfhóll í Miðd.													1200		1200
Svarfh. í Svínad.														525	525
Syðstu-Fossar													325		325
Söðulsholt												210	1200		1410
Stóri-Kroppur												210			210
Tunga í Svínadal													550		550
Vellir II													50		50
Vellir III													600		600
Vilmundarstaðir	245		35			60								105	445
Vígholtsstaðir												490			490
Ytra-Fell												280			280
	2112	140	245	175	105	270	700	70	3430	2225	310	8190	12759	700	31431

* HR = Héluribs

** BT = Bergtoppur

*** JV = Jörvavíðir

Áburðargjöf

Bændum var útvegaður áburður til að bera á nýgróðursettar plöntur. Í þetta sinn var eingöngu notað “blákorn” frá Áburðarverksmiðjunni. Voru menn hvattir til að dreifa 10g kringum hverja plöntu - þó ekki þar sem handfleckjað væri í grasgefnu landi. Jafnframt var dreift áburði yfir plöntubakka á dreifingarstöðvunum, strax og bakkarnir mættu á staðinn. Þar sem plöntur geta þurft að bíða gróðursetningar á annan mánuð, frá því að þær koma á dreifingarstöð, er brýnt að þær fái næringu á meðan. Þar sem úrkoma er afar mismikil frá ári til árs, er auðveldara að stjórna næringarframboði bakkaplantna, sem bíða gróðursetningar utanhúss, með kornuðum áburði heldur en með því að vökva með áburðarlausn. Oftast er einhver afgangur af kornunum, þegar plönturnar eru gróðursettar. Kornin líma sig lauslega á ytra borð plantna og rótartappa og berast því með plöntunum út á foldina. Þetta kemur sér vel, þegar gróðursett er án eftirfarandi áburðargjafar, svo sem í handfleckjað frjósamt land. Bændur hafa verið sérstaklega varaðir við að setja grömmin 10 í eina hrúgu upp við stofn plöntunnar, enda getur slíkur viðurgjörningur hæglega orðið hinum ágætustu plöntum að aldurtíla.

Jarðvinnsla

Vélflekkjarinn undirbjó 52 ha lands fyrir gróðursetningu á næsta vori á 11 jörðum. Gekk verkið vel. Hægt var að vinna að flekkjun fram í desember og aftur í janúar, svo var veðráttan óvenjuleg. Við brýnum bændur til að láta flekkja land hjá sér á haustin með þessu áhaldi. Ýmislegt vinnst með því að nota haustið: Ekki er hægt að vinna landið að vorinu, fyrir en í þann mund þegar hæfilegt væri að hefja gróðursetningu. Þá eru fuglar sestir á hreiður og óhjákvæmilegt að mörg þeirra fari forgörðum. Rýmri tími gefst oftast að haustinu, einkum seinni árin, þegar frost kemur ekki varanlega í jörð fyrir en í nóvember eða síðar. Jörð þiðnar líka fyrir í flekkjunum en á grónu landi. Þess vegna má hefja gróðursetningu sem því nemur fyrir en ella að vorinu, sé flekkjað á undangengnu hausti. Með því að fara aðeins eina ferð með flekkjarann á ári í hvern kima umdæmisins, verða milliferðir styttri og kostnaður að sama skapi minni.

Kortlagning og áætlanagerð

Á árinu 2002 var öll gerð ræktunaráætlana komin í hendur starfsmanna Vesturlandsskóga, nema hvað þær jarðir sem starfsmenn Skógræktar ríkisins höfðu undirbúið gerð ræktunaráætlana fyrir sumarið 2001 á hefðbundnum loftmyndum voru fullunnar hjá Skógrækt ríkisins á Egilsstöðum. Var lokið gerð ræktunaráætlana fyrir eftirtaldar jarðir vorið 2002:

Á hefðbundnar loftmyndir:

Ás í Laxárdal

Erpsstaði í Miðdölum

Hróðnýjarstaði í Laxárdal

Hnúk á Fellsströnd

Ytra-Fell á Fellsströnd

Álftraðir og Gautastaði á Skógarströnd

Svelgsá í Helgafellssveit

Saura í Helgafellssveit

Kverná í Eyrarsveit

Sveinatungu í Norðurárdal

Á uppréttar stafrænar loftmyndir:

Árdal í Andakíl

Ásgarð í Reykholtisdal

Belgsholt í Leirár-og Melasveit

Birkihlíð í Reykholtisdal

Einifell í Stafholtstungum

Hæl í Flókadal

Kalastaðakot á Hvalfjarðarströnd

Klett í Reykholtisdal

Litlu-Fellsöxl í Skilmannahreppi

Mela í Leirár-og Melasveit

Tungufell í Lundareykjadal

Ytri-Skeljabrekku í Andakíl

Fyrirlestrar og námskeið

Framkvæmdastjóri kynnti starfsemi Vesturlandsskóga fyrir félögum Kíwanisklúbbsins í Borgarnesi og 2. maí fyrir félögum í Skógræktarfélagi Akraness, á aðalfundi þess félags.

Vesturlandsskógar héldu á árinu nokkur námskeið í samstarfi við Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri (LBH). Námskeiðin eru hluti af námskeiðaröð, sem Vesturlandsskógar standa að í samvinnu við LBH og Skógrækt ríkisins. Að vorinu voru haldin: “Skjólbeltanámskeið”, fyrir byrjendur í skjólbeltarækt; “Grunnnámskeið í skógrækt”, sem ætlað er öllum byrjendum í fjölnytjaskógrækt; og loks “Námskeið um Framleiðslu Skógarplantna”, þar sem Hrefna Jóhannesdóttir, skógfræðingur og starfsmaður Mógilsár, var í aðalhlutverki. Á öðrum námskeiðanna sáu starfsmenn Vesturlandsskóga, Skógræktar ríkisins á Vesturlandi og Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri um kennsluna. Um haustið var haldið eitt námskeið: “Áætlanagerð í Skógrækt”. Námskeiðin voru flest vel sótt og ágætlega heppnuð. Nokkuð hefur verið rætt um, hvort rétt sé að skylda skógarbændur til að sækja einhvern lágmarksfjölda af námskeiðum.

Guðmundur Sigurðsson og Sigvaldi Ásgeirsson sóttu námskeið í Gunnarsholti þann 12. apríl., þar sem fjallað var um aðferðir við skjólbeltarækt, m.a. klippingu skjólbelta með sög sem hengd er aftan á dráttarvél. Dagana 15. og 16. apríl dvöldu Sigvaldi og Guðmundur norður á Akureyri og kynntu sér aðferðir Norðurlandsskóga við framkvæmdaskráningu og kortagerð.

Fundur og ráðstefnur

Dagana 19.-22. febrúar dvaldi Guðmundur á Egilsstöðum þar sem haldin var ráðstefna í samstarfi Héraðsskóga, Skógræktar ríkisins, Landgræðslunnar í Gunnarsholti og Náttúruverndar ríkisins. Þar voru m.a. ýmis rannsóknaverkefni kynnt, sem í gangi eru í sb. við skógrækt. Einnig var haldinn þessa daga á Egilsstöðum hinn árlegi samráðsfundur skógræktarverkefnanna. Fundað var á Mógilsá fjórða apríl um hugsanlegt samstarf Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri, Garðyrkjuskólans á Reykjum, Skógræktar ríkisins, Landgræðslu ríkisins, Félags skógarbænda á Vesturlandi og Vesturlandsskóga um námskeiðshald fyrir skógarbændur. Sumarstefna starfsmanna skógræktarverkefnanna var haldin í Eyjafirði og Fnjóskadal dagana 2. og 3. júlí og sóttu hana allir starfsmenn Vesturlandsskóga, þ.e. Guðmundur, Sigurður Freyr og Sigvaldi.

S.Á.